



Umbótaáætlun Krikaskóla 2022

Tilgangur ytra mats grunnskóla er að meta hvort skólastarf sé í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og uppfylli ákvæði í lögum og reglugerðum. Matið er umbótamiðað og varpar ljósi á styrkleika skólans ekki síður en það sem betur má fara.

Matsaðilar á vegum Menntamálastofnunar heimsóttu Krikaskóla vegna ytra mats 18. - 20. október 2021. Matsaðilar voru þrír og fylgdust með skólastarfinu, hittu fjölbreytta rýnihópa og stjórnendur í viðtölum.

Niðurstöðum var skilað til skólans í formi skýrslu í byrjun desember 2021. Kynning fyrir starfsfólk skólans var svo haldin 6. desember í fjarfundi. Upplýsingabréf um helstu niðurstöður voru sendar til foreldra grunnskólabarna og skólastjóri kynnti helstu niðurstöður matsins til Fræðslunefndar Mosfellsbæjar á fjarfundi 19. janúar 2022.

Starfshópurinn í Krikaskóla notaði starfsdag 3. janúar 2022 í að ræða ytra matið og hefja vinnu við þá umbótaáætlun sem hér liggur fyrir. Þar koma fram okkar viðbrögð við þeim ábendingum sem ytra matið dró fram sem tækifæri til umbóta.

Það er mjög gagnlegt að fá utanaðkomandi sérfræðinga inn í skólann til að rýna og veita endurgjöf. Þar kemur fram sýn ótengds aðila sem á ekki hagsmuna að gæta og er ekki litaður af viðkomandi skólasamfélagi. Það er óendanlega dýrmætt og við þökkum kærlega fyrir tækifærið.

Matsaðilum sendum við hlýjar kveðjur og þakkir fyrir ánægjulegt samstarf.

Mosfellsbær 22.2.2022

Þrúður Hjelm
Skólastjóri Krikaskóla

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Skrásetningar á verklagi og upplýsingum 	Skráning á verkaskiptingu stjórnenda.	Hafið	Haust 2022	Skólastjórnendur	Árlega - birt í starfsáætlun og á heimasíðu skóla.
	Skráning verklags um árangur og líðan og hvernig nýtt er í skipulagi til að efla kennslu.	Hafið	Haust 2022	Verkefnastjóri grunnskóla	Birt í skólanámskrá og áætlunum.
	Endurskoða og skrá skólareglur með þátttöku skólasamfélagsins.	Haust 2022	Jan 2023	Skólastjórnendur	Birt í skólanámskrá og heimasíðu skóla.
	Skrá teymi sem starfa í skólanum og hverjir sitja í þeim.	Hafið	Haust 2022	Skólastjórnendur	Birt í skólanámskrá og heimasíðu skóla.
<ul style="list-style-type: none"> Virkja foreldra til þátttöku við stefnumótun. 	Foreldrar mikilvægur þáttur í ákvörðunartöku um þróun og skipulag starfsins.	Hafið	Aldrei	Skólastjórnendur	Árlegt skipulag í starfsáætlun.
	Umræðufundur með skólastjóra um markmið og stefnu skólans bæði í skólanum og rafrænt.	2.11.2021 og 4.11.2021	2.11.2021 og 4.11.2021	Skólastjóri	Lokið/ólukið
	Skólalöng foreldra	Haust 2022	Haust 2022	Skólastjórnendur	Lokið/ólukið
	Skólaráð haldi opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið	Vor 2023	Vor 2023	Skólaráð	Lokið/ólukið

<ul style="list-style-type: none"> • Heimasíða Mosfellsbæjar er í lokaferli og mun klárast vor 2022. Ný heimasíða Krikaskóla er undirsíða þeirrar síðu. 	<p>Hönnunarferli nýrrar síðu.</p> <p>Birting samræmdra upplýsinga um skólastarfið.</p> <p>Birting símenntunaráætlunar.</p> <p>Bæta upplýsingaflæði til foreldra.</p> <p>Birting starfsreglna og fundargerða foreldrafélagsins.</p> <p>Birting starfsáætlunar og fundargerða skólaráðs Krikaskóla.</p>	Hafið	Við upphaf skólaársins 2022-2023	Skólastjórnendur og verkefnastjóri skrifstofu í samvinnu við sveitarfélagið.	Lokið/ólokið
<ul style="list-style-type: none"> • Skólaráð setji sér starfsáætlun og vinnureglur 	Sett á dagskrá fundar skólaráðs í janúar 2022 - klárað fyrir lok skólaársins.	Janúar 2022	Júní 2022	Skólaráð - allir fulltrúar	Haust 2022
<ul style="list-style-type: none"> • Setja frístundarstarfi markvissa starfsáætlun og markmið 	Verkefnið er í vinnslu í höndum verkefnastjóra frístundar í samstarfi við skólastjórnendur og starfsfólk.	Hafið	Við upphaf skólaársins 2022-2023	Verkefnastjóri frístundar og skólastjórnendur	Haust 2023

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
• Markmið kennslustunda	Hafa markmiðin sýnilegi Byrja og enda kennslustundir á að fara yfir markmið námsefnisins.	Janúar 2022	Aldrei	Kennarar	Á kennarafundum t.d. einu sinni í mánuði.
• Skrá og vinna með námsmat	Stofna námsmatsteymi til að skoða og meta námsmatið eins og það stendur. Koma með tillögur að breytingum og áætlun um innleiðingu nýrra starfshátta. Teymið hafi m.a. að markmiði að foreldrar fái ítarlegri upplýsingar.	Janúar 2022	Apríl 2022	Verkefnastjóri grunnskólastarfs	Júní 2022 Júní 2023
• Kennsluáætlanir	Kennarar klára kennsluáætlanir fyrir sinn árgang. Breyta áætlunum þannig að þema fari í sér áætlun. Bæta námsaðlögun inn í áætlun.	Janúar 2022	Fyrir lok Janúar 2022	Kennarar og verkefnastjóri grunnskólastarfs	Í lok janúar 2022
• Aðgerðir til að auka árangur nemenda og læsisstefna	Læsisstefna er í vinnslu. Okkar markmið þurfa að koma fram. Hvað ætlum við að gera til þess að ná enn betri árangri?	Er í vinnslu	Haut 2022	Verkefnastjóri grunnskólastarfs	Júní 2023 á kennarafundi og/eða teymisfundum.
• Heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur	Sérkennsluteymi setji fram heildaráætlun í eitt skjal sem verði til hliðar við Starfsáætlun skólans.	Janúar 2022	Vor 2022	Verkefnastjóri sérkennslu og skólastjóri	Á hverju vori til að sjá þróun miðað við barnahópinn hverju sinni.
• Þjálfun í markvissri samvinnu og samstarfi nemenda.	Vinna enn frekar í hópastarfi með nemendur eins og sóttvarnir leyfa. Vinna þarf til baka það sem tapaðist í Covid-19 ráðstöfunum.	Janúar 2022	Aldrei	Kennarar	Á kennarafundum og/eða teymisfundum.

<ul style="list-style-type: none"> • Kenna nemendum að setja sér markmið í námi. 	Kennara setja markmið kennslustunda í kennsluáætlanir og kynna í byrjun stunda fyrir nemendum.	Janúar 2022	Aldrei	Kennarar	Á kennarafundum og/eða teymisfundum.
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá verklag um hvernig sjónarmiðum nemenda er aflað í gegnum skólaþing. 	Skrá þarf verklag skólaþings - sem haldið hefur verið til margra ára. Setja fram markmið um úrvinnslu og árangur.	Janúar 2022	Júní 2022	Skólastjóri	Á kennarafundum og/eða teymisfundum.
<ul style="list-style-type: none"> • Klára nýja forvarnaráætlun gegn einelti. 	Er í vinnslu. Haustkynning fyrir foreldra í ágúst 2022.	Er í vinnslu	Lok skólaárs 2021-2022	Verkefnastjóri grunnskólastarfs	Á kennarafundum og/eða teymisfundum.
<ul style="list-style-type: none"> • Gera foreldrum betur grein fyrir áherslum og fyrirkomulagi lestrar- og skriftarkennslu. 	Mun koma fram í nýrri læsisstefnu skólans sem verður aðgengileg foreldrum og kynnt fyrir þeim. Haustkynning fyrir foreldra í ágúst 2022.	Er í vinnslu	Haust 2022	Verkefnastjóri grunnskólastarfs - skólastjórnendur	Á kennarafundum og/eða teymisfundum.

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Vinna matsáætlun til 3ja - 5 ára. 	<p>Matsþættir taki til stefnu og markmiða skólans.</p> <p>Í langtímaáætlun komi fram hvað skal meta og hvenær.</p>	Janúar 2022	Júní 2022	Skólastjóri	Júní 2023
<ul style="list-style-type: none"> Matsskýrsla hvers skólaárs innihaldi matsþætti næsta skólaárs. Þar komi fram skammtíma matsáætlun hvers skólaárs. 	<p>Matsþætti sem teknir skulu fyrir þarf að skilgreina nánar en gert er í langtímaáætlun. Meðal annars hvernig þeir tengjast stefnu og markmiðum skólans.</p> <p>Í áætlun skal tilgreina ábyrgðarmenn á mati á ákveðnum þáttum.</p> <p>Þessir ábyrgðarmenn beri ábyrgð á að markmið, árangur, tímasetningar og annað komi fram í matsskýrslu.</p>	Janúar 2022	Júní 2022	Skólastjóri og matsteymi skólans.	Júní 2023
<ul style="list-style-type: none"> Setja saman matsteymi innan skólans. 	<p>Matsteymi þarf að taka mið af starfshópnum í skólanum og endurspeglar samsetningu hans.</p>	Júní 2022	Ágúst 2022	Skólastjóri	Júní 2023
<ul style="list-style-type: none"> Tryggja að allir starfsmenn þekki hvaða upplýsingar liggja til innra mats skólans. 	<p>Matsskýrslan er kynnt á starfsmannafundi eða starfsdegi. Skýrslan hefur verið sett á innri vef skólans og upplýsingar sendar til allra foreldra.</p>	Ágúst - september 2022	Ágúst – september 2023	Skólastjóri, verkefnastjóri grunnskóla og deildarstjórar.	Júní 2023

<ul style="list-style-type: none"> Taka saman helstu styrkleika og tækifæri í matsskýrslu. 	Bæta við kafla í næstu skýrslu sem inniheldur styrkleika og tækifæri í skólastarfi.	Júní 2022	Júní 2023	Skólastjóri og matsteymi	Júní 2023
<ul style="list-style-type: none"> Setja fram tímasetta umbótaáætlun innan matsskýrslu fyrir næsta skólaár. 	Umbótaáætlun birtist í starfsáætlun næsta skólaárs.	Júní - ágúst 2022	Júní - ágúst 2023	Skólastjóri og matsteymi	Ágúst - september 2023
<ul style="list-style-type: none"> Kynna niðurstöður og umbætur fyrir öllum hagsmunahópum 	Bjóða foreldrum/öðrum á kynningarfund á innra matinu.	Vorönn 2022	Árlega	Skólastjóri og matsteymi	Haust 2024

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – Frístundarstarf					
<ul style="list-style-type: none"> Stefnumótun um frístundastarfið 	Er í vinnslu. Ljúka þarf vinnu sem hafin er í samvinnu við skólastjóra og önnur frístundaheimili í Mosfellsbæ.	Er í vinnslu	Drög í upphaf skólaárs 2022-2023	Verkefnastjóri frístundar og skólastjóri	Vor 2023
<ul style="list-style-type: none"> Undirbúningsfundir fyrir starfsfólk frístundar 	Nýta vel þau tækifæri sem gefast m.a. á starfsmannafundum og starfsdögum skóla. Dagskrá þarf að liggja fyrir með viku fyrirvara.	Janúar 2022	Aldrei	Verkefnastjóri frístundar	Vor 2023
<ul style="list-style-type: none"> Starfslýsing starfsmanna 	Er í vinnslu/flókið vegna fjölbreytilegra starfa innan hópsins sem vinnur innan frístundar. Endurskoða það sem til er og færa til dagsins í dag.	Janúar 2022	Vorönn 2022	Allir starfsmenn frístundar	Vor 2023
<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um starfsfólk. 	Skoða þarf málið í tengslum við persónuvernd og fá samþykki starfsmanna. Haustkynning í ágúst 2022 fyrir foreldra.	Janúar 2022	Febrúar 2022	Verkefnastjóri frístundar	Haust 2022
<ul style="list-style-type: none"> Upplýsingar um viðfangsefni 	Gera vikuplan og hafa aðgengilegt foreldrum. Gera stutta lýsingu á klúbbum sem eru í boði.	Vor 2022	Aldrei	Verkefnastjóri frístundar í samstarfi við starfshóp.	Birt vikulega/hálfs mánaðarlega á heimasíðu.